

Fimmtudagurinn 26. október 2000

148. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 30/2000

**Samkeppnishamlandi samráð Greiðslumiðlunar hf. og
Kreditkorts hf. um úttektarheimildir
greiðslukortshafa á næturklúbbum**

I.

Erindið og málavextir

1.

Þann 28. febrúar 2000 barst Samkeppnisstofnun erindi frá Arnóri Vikari Arnórssyni og Gunnari Berndsen, f.h. Veitingahússins Austurvallar ehf. (Hér eftir nefnt kvartandi) Í erindinu er kvartað yfir þeirri ákvörðun greiðslukortafyrirtækjanna Greiðslumiðlunar hf. (Visa-Ísland) og Kreditkorts hf. (Europay) að takmarka fyrirvaralaust úttektir með greiðslukortum á veitingastaðnum Óðali sem sé í eigu kvartanda. Kvartandi telur að aðgerðir greiðslukortafyrirtækjanna varði við samkeppnislög nr. 8/1993 og vísar í því sambandi til 1., 8., 10., 12., 17., 20., 35. og 37. gr. laganna. Óskað var eftir bráðabirgðaúrskurði Samkeppnisstofnunar í málinu með vísan til 8. gr. samkeppnislaga nr. 8/1999.

2.

Samkeppnisstofnun sendi erindið til greiðslukortafyrirtækjanna Greiðslumiðlunar og Kreditkorts með bréfum, dags. 29. febrúar 2000. Í bréfunum var óskað eftir sjónarmiðum fyrirtækjanna um málið.

i.

Svar barst frá Greiðslumiðlun þann 6. mars 2000. Segir í svarinu að fyrirtækið líti svo á að það að setja hámark á úttektir korthafa á sólarhring hjá veitingastað kvartanda og öðrum sambærilegum fyrirtækjum séu eðlileg varnarviðbrögð sem fyrirtækið hafi fullan rétt til. Mörg tilvik hafi gefið tilefni til slíkra aðgerða. Forsaga málsins sé sú að á síðasta ári hafi farið að bera á því að korthafar hafi kvartað yfir háum úttektum á skemmtistöðum sem m.a. byðu upp

á nektardans. (Hér eftir nefnt næturklúbbar.)¹ Fyrir slíka þjónustu séu teknar háar fjárhæðir og því auðvelt að verja miklu fé á skömmum tíma. Þar sem korthafar hafi iðulega verið ölvaðir á þessum skemmtistöðum hafi þeim oft brugðið illa í brún þegar þeir áttuðu sig á hve miklum fjármunum þeir höfðu eytt. Í mörgum tilfellum hafi þeir talið sig vera látna samþykkja hærri fjárhæðir en þeir gerðu sér grein fyrir og í öðrum tilfellum hafi þeir mótmælt þessum úttektum algerlega og kært þær til lögreglu. Vegna þessa hafi verið ákveðið að grípa til aðgerða. Rift hafi verið samningum um viðtöku greiðslukorta hjá tveimur næturklúbbum sem brotið höfðu viðskiptaskilmála Greiðslumiðlunar en úttektir takmarkaðar hjá öðrum. Sett hafi verið eins konar þak á viðskipti með hvert kort á sólarhring, sem gildi samanlagt um alla staðina jafnt. Að nokkrum tíma liðnum hafi þó heimildirnar verið rýmkaðar á Gullkorti og Gull-Viðskiptakorti. Þá segir að korthafar séu oft með fleiri en eitt greiðslukort, bæði kredit- og debetkort, jafnvel frá báðum kortafyrirtækjunum og hafi auk þess aðgang að hraðbönkum, sem opnir séu allan sólarhringinn. Forsendur aðgerðanna séu þær að í samningum Greiðslumiðlunar og greiðsluviðtakenda sé heimild fyrirtækisins til að stýra viðskiptum og draga úr áhættu tekin fram með skýrum hætti, enda ábyrgist fyrirtækið úttektir korthafa. Greiðslumiðlun hafi fulla heimild til þess að ákveða hámark á úttekt korthafa með tilliti til áhættu og aðstæðna. Ekki sé um mismunun að ræða þar sem sömu reglur gildi fyrir aðila sem stundi sambærileg viðskipti. Hvað varði veitingastað kvartanda sérstaklega, þá hafi ekki verið um að ræða kærumál vegna viðskipta hjá fyrirtækinu þegar ákveðið hafi verið að setja hámark á úttektir korthafa. Þó hafi nokkuð borist af kvörtunum. Þá segir að Greiðslumiðlun hafi aðeins borist tvær athugasemdir frá korthöfum sem ekki sættu sig við það sem þeir kalli forsjarhyggju Visa en margir hafi hins vegar þakkað fyrirtækinu fyrir framtakið. Loks segir í svarinu að fyrirtækið vilji vitna til ákvörðunarorða í máli samkeppnisráðs nr. 14/1994, sem snerti mál Greiðslumiðlunar og Hotel Express, þar sem tekist hafi verið á um meginreglur íslensks réttar um samningafrelsi.²

ii.

Svar barst frá Kreditkorti með bréfi, dags. 7. mars 2000. Í svarinu segir að sú

¹ Samkvæmt 2. gr. laga nr. 66/2000 um breytingu á 9. gr. laga nr. 67/1995 um veitinga- og gististaði eru þeir veitingastaðir sem eru með reglubundna skemmtistarfsemi þar sem aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar og sýningu á nektardansi í atvinnuskyni skilgreindir sem næturklúbbar.

² Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 14/1994 var tekin vegna kvörtunar Hotel Express International á Íslandi yfir því að Greiðslumiðlun hefði synjað því að ganga til samninga við fyrirtækið um greiðslu árgjalda félagsmanna þess. Í ákvörðunarorðum þeirrar ákvörðunar kemur m.a. fram að það hafi verið mat samkeppnisráðs að ekki hafi þótt ástæða til að knýja Greiðslumiðlun til samningagerðar við Hotel Express.

ákvörðun fyrirtækisins sem kvartað sé yfir og tekin hafi verið í desember 1999 hafi átt sér nokkurn aðdraganda. Það hefði vakið athygli Kreditkorts hve hátt hlutfall af endurkröfum og kvörtunum hefði borist vegna úttekta hjá næturlúbbum. Í framhaldi hafi verið gripið til aðgerða sem hafi verið mismunandi eftir því hvaða greiðsluviðtakandi hafi átt í hlut. Ákvörðun um aðgerðir hafi byggst á viðskiptaferli viðkomandi. Núna geti korthafar sem eigi viðskipti á þeim veitingastöðum sem aðgerðirnar ná til ekki tekið út á debetkort og almenn kreditkort meira en sem nemi 50.000 til 75.000 krónum, mismunandi eftir tegund korts. Heimild Kreditkorts til slíkra aðgerða megi finna í skilmálum samnings við aðildarfyrirtæki um kreditkort. Framkvæmd lækkunar úttektarmarkanna hafi farið fram annars vegar í samráði við Reiknistofu bankanna vegna debetkorta og hins vegar við RÁS-þjónustu vegna kreditkorta. Það sé mat Kreditkorts að breyttar úttektarheimildir hjá kvartanda hafi verið lögmætar, þær hafi verið í samræmi við samning aðilanna og fullt tilefni hafi verið til breytinganna. Kreditkort telji að breyttar úttektarheimildir á veitingastað kvartanda hafi verið til varnar hagsmunum korthafa sinna og þar með neytenda, en ástæða hafi verið til að ætla að annarlegt ástand viðskiptamanna kvartanda hafi verið misnotað við úttektir á kortareikningum þeirra.

3.

Samkeppnisstofnun sendi svarbréf Greiðslumiðlunar og Kreditkorts til kvartanda með bréfum stofnunarinnar, dags. 10. mars 2000. Í bréfunum kemur fram, að miðað við fyrirliggjandi gögn í málinu væru ekki þær efnislegu forsendur fyrir hendi sem gæfu tilefni til bráðabirgðaúrskurðar af hálfu Samkeppnisstofnunar. Málið yrði því tekið til meðferðar í samræmi við 6.–15. gr. reglna nr. 672/1994 um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda. Stofnunin óskaði því eftir umsögn og athugasemdum við svör greiðslukortafyrirtækjanna. Þann 21. mars 2000 bárust Samkeppnisstofnun svör frá Karli Georg Sigurbjörnssyni hdl., f.h. kvartanda. Í svörunum er vísað til 10. gr. samkeppnislaga og sagt að aðgerðirnar feli í sér samstilltar aðgerðir sem takmarki samkeppni, þ.e. að tvö fyrirtæki á sama sölustigi sammælist um samkeppnishamlandi aðgerðir. Það fari gegn hagsmunum korthafa þegar greiðslukortafyrirtækin komi með viðskiptaskilmálum sínum í veg fyrir að korthafar geti átt viðskipti við kvartanda fyrir sambærilega upphæð og þeir geti annars staðar. Þá þurfi vart að vekja athygli á því augljósa tjóni sem áhættustýringin valdi kvartanda, vegna minnkaðra viðskipta. Í þessu sambandi er vísað til 20., 35. og 37. gr. samkeppnislaga. Þá er því haldið fram að takmarkanir á úttektum korthafa hljóti að verða að taka mið af hugsanlegum

brotum hvers og eins naturklúbbs, en ekki að þeir séu allir settir undir sama hatt. Á meðan ekki sé sambærilegt hámark á úttektum með greiðslukortum á almennum veitingahúsum verði að telja að um sé að ræða brot á samkeppnislögum. Það að korthafar neiti að kannast við úttektir sínar hjá naturklúbbum réttlæti ekki umræddar aðgerðir. Hafi korthafi eitthvað við reikninga sína að athuga þá sé það hans mál og þess greiðslukortafyrirtækis sem hann á viðskipti við en réttlæti ekki þá sameiginlegu aðgerð að setja þak á úttektir á öllum naturklúbbum. Þá er þess farið á leit í svarinu að gripið verði til aðgerða gegn umræddum ráðstöfunum á grundvelli 2. mgr. 17. gr. og 2. mgr. 37. gr. samkeppnislaga.

4.

Með bréfi, dags. 24. mars 2000, kom lögmaður kvartanda að frekari upplýsingum vegna málsins. Í bréfinu segir að sérstaklega sé ástæða til að ítreka fyrri sjónarmið í þeim tilvikum þegar um debetkortaviðskipti sé að ræða, enda séu það ekki lánsviðskipti. Greiðslukortafyrirtækin hafi enga heimild til að ákveða fyrir korthafa hvernig þeir hagi eyðslu sinni með því að setja hámark á viðskipti korthafa hjá fyrirtækjum eins og kvartandi reki. Þeim ábendingum að hraðbankar séu opnir allan sólarhringinn og korthafar geti á þann hátt átt viðskipti við kvartanda er vísað á bug. Úttektir með greiðslukortum í hraðbönkum séu einnig takmörkunum háðar og það sé óásættanlegt að viðskiptavinir naturklúbba þurfi að hlaupa í næsta hraðbanka ætli þeir sér að eiga frekari viðskipti við kvartanda. Öðrum viðskiptavinum greiðslukortafyrirtækjanna sé ekki boðið upp á slíkt.

5.

Samkeppnisstofnun sendi svör kvartanda og athugasemdir til Greiðslumiðlunar og Kreditkorts með bréfum stofnunarinnar, dags. 10. apríl 2000. Óskað var eftir umsögn og athugasemdum fyrirtækjanna við bréf kvartanda. Fyrirtækjunum var einnig tilkynnt að miðað við þær upplýsingar sem fram hefðu komið í bréfaskriftum málsaðila teldi Samkeppnisstofnun ástæðu til að kanna hvort greiðslukortafyrirtækin Greiðslumiðlun og Kreditkort hefðu með samstilltum aðgerðum aðhafst eitthvað það sem kynni að fara gegn ákvæðum samkeppnislaga nr. 8/1993, sbr. 10. og 12. gr. laganna. Þá yrði einnig metið hvort meint fyrirkomulag færi gegn öðrum ákvæðum laganna. Í ljósi þess var einnig óskað eftir ýmsum gögnum og upplýsingum frá fyrirtækjunum. Óskað var m.a. eftir afriti af gildandi samningum og skilmálum á milli greiðslukortafyrirtækjanna og þeirra naturklúbba sem bjuggu við umræddar úttektarheimildir. Þá var einnig óskað eftir upplýsingum hvenær aðgerðirnar

hefðu komið til framkvæmda og hvort einhver önnur fyrirtæki lytu sambærilegum skilyrðum og næturlúbbur um úttektarheimildir korthafa.

i.

Samkeppnisstofnun barst svar frá Árna Vilhjálmsyni hrl., f.h. Greiðslumiðlunar með bréfi, dags. 28. apríl 2000. Auk svarsins fylgdu þau gögn sem stofnunin hafði óskað eftir. Í svarinu segir að greiðslukortafyrirtækin hafi haft samband sín á milli vegna ítrekaðra vandamála sem upp hefðu komið vegna úttekta með greiðslukortum á næturlúbbum. Vísað er til blaðafregna o.fl. í því sambandi.³ Þá er í svarinu fjallað um þau vandamál sem upp höfðu komið í tengslum við notkun korthafa á greiðslukortum í næturlúbbum. Í þessu sambandi er m.a. nefnt að borið hefði á heimildarlausum færslum á greiðslukortum, þ.e. að slegið hafi verið inn fölskum heimildanúmerum á kortavélar. Það hafi m.a. leitt til þess að samstarfssamningum við þrjá næturlúbba hafi verið sagt upp. Rannsóknir vegna meintra misferla hafi jafnframt haft mikla vinnu í för með sér fyrir Greiðslumiðlun.

Í svarinu er vísað til tölvupóstsamskipta forsvarsmanna greiðslukortafyrirtækjanna og starfsmanna Reiknistofu bankanna á tímabilinu 14. til 18. desember 1999. (Afrit af umræddum tölvupóstskeytum fylgdu svarinu.) Ljóst sé af þeim skeytasendingum að bæði fyrirtækin hafi átt við samskonar vandamál að stríða og hafi verið sammála um að nauðsynlegt væri að grípa til samstilltra aðgerða í varnaðarskygni, enda sé það í fullu samræmi við öryggissamstarf fjármálastofnana. Þá segir að aðgerðirnar hafi komið til framkvæmda þann 18. desember vegna þess að þá byrjaði nýtt kortatímabil. Því er mótmælt að um sé að ræða ólöglegt samráð sem fari gegn 10 gr. samkeppnislaga. Ekki hafi verið um að ræða samstilltar aðgerðir gegn einstökum stöðum, t.a.m. varðandi fjárhæðir úttektarheimilda á kreditkortum og þá muni það ekki vera sömu aðilarnir sem sagt hafi verið upp. Samvinnan nái eingöngu til þátta sem varði misferli með greiðslukort. Hér sé um sjálfsagðar öryggisráðstafanir að ræða sem tryggi neytendur fyrir óbilgirni í viðskiptum. Sá sem á annað borð hafi meðvitaðan ásetning um að eyða háum fjárhæðum á næturlúbbum hafi önnur úrræði til þess að greiða fyrir skemmtunina en að nota greiðslukort. Þá segir að verðlag þeirrar þjónustu sem um sé að ræða sé mjög hátt og langt frá því að vera gagnsætt, allra síst fólki sem ekki sé allsgáð. Verði talið að umræddar öryggisráðstafanir takmarki samkeppni sé bent á að samkvæmt 13. gr. samkeppnislaga komi 10. gr. laganna

ekki í veg fyrir að fyrirtæki geti haft með sér samvinnu ef það hafi aðeins áhrif á lítinn hluta þess markaðar sem um sé að ræða. Þó kortafyrirtækin tvö séu með háa markaðshlutdeild hér á landi og staðganga við önnur greiðslukort vart til staðar beri einnig að líta til annarra greiðslumiðla eins og reiðufjár, ávísana og hugsanlegra reikningsviðskipta. Eðli greiðslukortanna sé þannig að um leið og heimild sé fengin séu kortafyrirtækin og bankarnir orðin ábyrg fyrir greiðslu gagnvart seljanda þjónustunnar og jafngildi það greiðslu með reiðufé að þessu leyti. Þá segir að starfræksla næturlúbba sé langt frá því að geta talist vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins og því erfitt að sjá að það þjóni tilgangi að greiðslukortafyrirtækin keppist við að bjóða hærri úttektir á slíkum stöðum. Hafa verði í huga að hér sé um mjög sérstaka afþreyingarþjónustu að ræða sem spili á frumhvattir mannsins. Í svarinu er ekki fjallað um önnur fyrirtæki sem búi við sambærilegar úttektarheimildir en tekið fram að sambærileg áhættustýring gildi um viðskipti í hraðbönkum af samsvarandi öryggisástæðum. Reyndar sendi Greiðslumiðlun Samkeppnisstofnun bréf, dags. 8. maí 2000, þar sem nánar er fjallað um takmarkanir á úttektum í hraðbönkum.

ii.

Samkeppnisstofnun óskaði sérstaklega eftir ákveðnum gögnum og skýringum frá Kreditkortu vegna ýmissa tilvika sem fyrirtækið hafði getið um í svari sínu frá 7. mars 2000 vegna meintrar misnotkunar kvartanda í viðskiptum við korthafa. Samkeppnisstofnun barst svar frá Bjarna Þór Óskarssyni hrl., f.h. Kreditkorts með bréfi, dags. 28. apríl 2000. Bréfinu fylgdu einnig afrit af stöðluðum samningsskilmálum sem hafa gilt hjá Kreditkortu frá árinu 1998 en jafnframt kemur fram í bréfinu að samningar við næturlúbba séu ekki frábrugðnir samningum við önnur aðildarfyrirtæki. Þá segir í svarinu að Kreditkort telji sig í öllu hafa farið að lögum í samskiptum sínum við veitingahús kvartanda. Í svarinu er gerð grein fyrir þeim eðlismun sem er á útgáfu kreditkorta annars vegar og debetkorta hins vegar. Kreditkort gefi aðeins út kreditkort en útgáfa debetkorta sé á höndum innlánsstofnana. Greiðslukort séu „keyrð“ með samræmdum hætti um svokallaða Rás-þjónustu. Afgreiðsla þeirra sé að mestu leyti samræmd, m.a. úttektarmörk hjá fyrirtækjum, sem falli undir skilgreiningar Rás-þjónustunnar vegna áhættustýringar. Úttektarmörk á veitingastað kvartanda hafi ásamt öðrum næturlúbbum verið flokkaður á grundvelli svokallaðrar MCC flokkunar, sem sé alþjóðleg flokkun á

³ Svarinu fylgdu afrit af tólf blaðafréttum um aðgerðir greiðslukortafyrirtækjanna gegn næturlúbbum sem birtar voru 18. til 23. desember 1999 í dagblöðum.

þjónustuaðilum, sem greiðslukortafyrirtækin styðjist við. Kreditkort og Greiðslumiðlun hafi hins vegar ekki samstarf um úttektarmörk á kreditkortum sem merkt séu vörumerkjum félaganna. Þrátt fyrir samstarf félaganna um „keyrslu“ debetkorta taki Kreditkort sjálfstæðar ákvarðanir um áhættustýringu sína. Þegar framkvæmdastjórar greiðslukortafyrirtækjanna hafi tekið ákvarðanir í þessu máli hafi þeir vitað um ákvarðanir bankanna um mörk á debetkortum. Ákvarðanir þeirra hafi hins vegar verið teknar sitt í hvoru lagi, enda hafi þær verið ólíkar. Um tímasetningu breytinganna segir að ákveðið hafi verið að miða breytinguna við 17. desember vegna þess að um það leyti hafi nýtt kortatímabil byrjað. Hafi orðið breyting á sama tíma hjá Greiðslumiðlun kunni það að helgast af tilviljun eða samstarfi um Rás-þjónustuna. Þá er sérstaklega áréttað að Kreditkort miði takmörkun sína á úttektarheimildum á kreditkortum ekki við svokallaða MCC flokkun heldur séu metin samskipti við einstaka greiðsluviðtakendur. Um aðra sem búa við sambærileg skilyrði varðandi áhættustýringu segir að af öryggisástæðum hafi úttektarmörk alla tíð verið í hraðbönkum eins og annars staðar í veröldinni. Í svarinu er ennfremur greint frá því að korthafar hafi kvartað við Kreditkort, bæði fyrir og eftir útgáfu reikninga, vegna viðskipta með kreditkort sín hjá kvartanda. Samskiptin hafi ekki verið skráð sérstaklega, enda öll munnleg. Korthafarnir hafi ekki talið ástæðu til annars en að greiða úttektirnar, enda þótt þeir hafi í sumum tilvikum talið sig lítt muna tilefni þeirra og jafnvel látið í ljós efasemdir um réttmæti þeirra. Kreditkort geti þó ekki aðhafst nema fram komi formleg athugasemd korthafa. Samskiptin hafi því gefið Kreditkorti tilefni til að álykta að úttektarmörk væru korthöfum félagsins til verndar og hagsbóta. Loks segir að Kreditkort kannist við að hafa í gegnum tíðina átt samstarf við Greiðslumiðlun um öryggismál og telji slíkt samstarf í alla staði eðlilegt.

6.

Samkeppnisstofnun sendi kvartanda framangreind svarbréf Greiðslumiðlunar og Kreditkorts til upplýsinga með bréfi stofnunarinnar, dags. 12. maí 2000. Óskaði kvartandi eftir að koma að athugasemdum við svörin með bréfi, dags. 17. maí 2000. Bendir hann á að það sé vart í verkahring greiðslukortafyrirtækja að vernda neytendur gegn ósæmilegum viðskiptaháttum og ákveða hvaða viðskipti séu óæskileg og hver ekki. Sérstaklega ekki þegar sú vernd leiði til þess að samkeppni sé hamlað auk þess að valda óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri. Þá segir að það sé varla á færi greiðslukortafyrirtækjanna að ákveða hvort starfræksla naturklúbba teljist vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins eða ekki. Slík sjónarmið eigi einfaldlega ekki við og séu málinu óviðkomandi. Um

áhættustýringu greiðslukortafyrirtækjanna segir að það hvernig henni sé beitt sé brot á samkeppnislögum, sérstaklega vegna þess að hún beinist ekki jafnt gegn öllum veitingahúsum. Einnig verði að hafa í huga að greiðslukortafyrirtækin hafi haft samráð um þessa sérstöku beitingu áhættustýringarinnar en það verði að teljast brot á samkeppnislögum. Þá er því mótmælt að samvinnan kunni að vera heimil þar sem hún hafi aðeins áhrif á lítinn hluta markaðarins. Ekki er fallist á að reiðufé, ávísanir og reikningsviðskipti séu staðgönguvara við greiðslukort. Ávísanaviðskiptum fari fækkandi og reikningsviðskipti séu hverfandi. Þá sé minna um reiðufé í notkun nú en áður. Um meinta misnotkun kvartanda í viðskiptum við korthafa og það að kvartað hafi verið við Kreditkort vegna úttekta á þeim næturklúbba sem hann reki segir að engin gögn hafi verið lögð fram þeim fullyrðingum til stuðnings.⁴ Líta verði framhjá slíkum athugasemdum enda órökstuddar og ósannaðar með öllu.

7.

Samkeppnisstofnun sendi athugasemdir kvartanda til Greiðslumiðlunar og Kreditkorts til umsagnar með bréfum, dags. 23. maí 2000. Stofnuninni barst símbref frá Greiðslumiðlun, dags. 9. júní 2000, þess efnis að fyrirtækið ætlaði ekki að koma að frekari athugasemdum í málinu. Svar barst stofnuninni þann 31. maí 2000 frá Kreditkorti. Í svarinu segir að ekki þyki tilefni til andsvara enda ekkert sem hreki það sem áður hafi komið fram. Fyrri sjónarmið fyrirtækisins séu ítrekuð og þá sérstaklega það að fyrirtækið hafi sjálft tekið þá ákvörðun að grípa til umræddra aðgerða.

8.

Þann 18. júlí 2000 sendi Samkeppnisstofnun Greiðslumiðlun og Kreditkorti bréf þar sem óskað var eftir frekari upplýsingum frá fyrirtækjunum.

i.

Upplýsingar sem óskað var eftir frá Kreditkorti:

Óskað var eftir upplýsingum um hvaða aðildarfyrirtæki það væru sem aðgerðirnar næðu til og hvaða úttektarmörk væru í gildi fyrir hvert og eitt þeirra. Þá var ítrekuð fyrri ósk stofnunarinnar um að send yrðu afrit af öllum samningum sem væru í gildi á milli fyrirtækisins og þeirra næturklúbba sem byggju við umræddar úttektarheimildir. Samkeppnisstofnun taldi rétt í ljósi þess að upplýsa Kreditkort um að borist hefðu gögn frá Greiðslumiðlun, m.a.

⁴ Í þessu sambandi er rétt að taka fram að Kreditkort lagði fram ákveðin gögn um viðskipti korthafa við Óðal. Fyrirtækið óskaði eftir því við Samkeppnisstofnun að gögnin yrðu meðhöndluð sem trúnaðarmál. Stofnunin taldi ekki ástæðu til annars en að verða við þeirri kröfu fyrirtækisins.

afrit af tölvupóstskeytum á milli forsvarsmanna greiðslukortafyrirtækjanna frá 14. og 17. desember 1999 sem að mati stofnunarinnar virtust sýna að samráð hafi verið haft um aðgerðirnar. Kreditkorti var sent afrit af tölvupóstskeytunum og fyrirtækinu gefið tækifæri á að koma að athugasemdum um það sem þar kemur fram. Samkeppnisstofnun barst svar frá Kreditkorti með bréfi, dags. 4. ágúst 2000. Segir í svarinu að fyrirtækið hafi gripið til aðgerða gegn tilteknum aðildarfyrirtækjum í desember sl. vegna kreditkorta. Í tveimur tilvikum hafi verið sett mörk á úttektir en hjá tveimur fyrirtækjum hafi verið lokað algerlega fyrir viðskipti. Opnað hafi verið fyrir viðskiptin að nýju en úttektir takmarkaðar. Í öllum tilvikum séu úttektarmörkin þau sömu, 50.000 krónur á sólarhring fyrir almennt kort og 75.000 þúsund krónur fyrir Gullkort. Afrit af samningum við umrædda næturklúbba fylgdu svarinu.

ii.

Upplýsingar sem óskað var eftir frá Greiðslumiðlun:

Óskað var eftir nánari rökstuðningi fyrir því að greiðslukort og aðrir greiðslumiðlar sem fyrirtækið hafði vísað til væru á sama markaði í skilningi 4. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Einnig var óskað eftir nánari upplýsingum um mismunandi flokkun á rafrænum úttektarmörkum hjá þeim greiðsluviðtakendum sem byggju við umræddar takmarkanir. Greiðslumiðlun hafði óskað eftir því að farið yrði með öll fylgiskjöl sem bárust með bréfi fyrirtækisins til Samkeppnisstofnunar þann 28. apríl 2000 sem trúnaðarmál þar sem um viðskiptaleyndarmál væri að ræða. Óskað var eftir því að tilgreint yrði nákvæmlega hvaða gögn og upplýsingar í fylgiskjölunum væru viðskiptaleyndarmál að mati Greiðslumiðlunar og bæri því að meðhöndla sem trúnaðarmál. Óskað var eftir skýrum rökstuðningi í þessu sambandi.

Svar barst frá Greiðslumiðlun, dags. 18. ágúst 2000. Sem nánari rökstuðning fyrir því að greiðslukort og aðrir greiðslumiðlar séu á sama markaði segir að í 4. gr. samkeppnislaga sé vísað til þess við skilgreiningu á vöru- og/eða þjónustumarkaði, að um staðgengdarvöru eða staðgengdarþjónustu verði að vera að ræða til þess að tvennskonar vörur eða þjónusta geti talist vera á sama markaði. Það sem átt sé við í þessu sambandi sé að notandi þjónustunnar geti greitt fyrir hana með nokkrum mismunandi aðferðum og sé af hans hálfu fullkomin staðganga þar á milli. Hér sé átt við reiðufé, tékka eða jafnvel reikningsviðskipti með greiðslufresti, en allar hafi þessar aðferðir staðgöngu við það að greiða með debet- eða kreditkorti. Hins vegar sé rétt að líta einnig til þess að notendur þessarar þjónustu séu tveir þar sem seljandi þeirrar „vöru“

sem um sé að ræða sé einnig notandi í þessu sambandi. Spurning sé um það hvort staðganga sé á milli þeirra tegunda greiðslumiðlunar sem í boði séu. Það virðist vera fullkomin staðganga á milli greiðslu með reiðufé og með debet- og/eða kreditkortum. Öryggi kunni þó að einhverju leyti að vera skert þegar um tékka- og reikningsviðskipti sé að ræða, en þó þurfi svo ekki að vera. Rafræn greiðslumiðlun keppi að sjálfsögðu við hefðbundnari greiðsluaðferðir. Sé greitt með kreditkortu séu útgefendur kortanna að veita korthafa lán til nokkurra vikna, en viðtakandi kortsins veiti greiðslufrest til sama tíma. Loks segir að ástæða þess að Greiðslumiðlun óskaði eftir því að fylgiskjöl bréfsins frá 28. apríl 2000 yrðu meðhöndluð sem trúnaðarmál hafi verið sú að um innanhúsgögn væri að ræða sem ekki hefðu verið samin með það í huga að þeim væri dreift til óviðkomandi. Þau hefðu m.a. að geyma upplýsingar um kjör einstakra viðskiptamanna og keppinauta kæranda.

iii.

Upplýsingar sem óskað var eftir frá báðum greiðslukortafyrirtækjunum:

Auk framangreindra upplýsinga var óskað eftir ársreikningum fyrirtækjanna fyrir árin 1999 og 1998. Þá var óskað eftir upplýsingum um skiptingu útgefinna korta í debet- og kreditkort, skiptingu kortaveltu í debet- og kreditkort, skiptingu kortaveltu í viðskipti innanlands og erlendis og skiptingu kortaveltu eftir tegund viðskipta, þ.e. í almennar greiðslur, boðgreiðslur, raðgreiðslur og peninga. Þá voru bæði fyrirtækin beðin um að skýra nánar hvað svokölluð MCC (Merchant Category Code) flokkun fæli í sér. Samkeppnisstofnun fékk umbeðin gögn og skýringar sendar frá greiðslukortafyrirtækjunum.

9.

Í máli Kreditkorts hafði komið fram að aðgerðir fyrirtækisins næðu aðeins til ákveðinna veitingahúsa og að úttektarmörk korthafa þar væru takmörkuð við ákveðna upphæð á þeim stöðum. Samkeppnisstofnun taldi ástæðu til að óska eftir upplýsingum um hvernig fyrirkomulaginu væri nákvæmlega háttað, sérstaklega vegna þess að bæði í máli kvartanda og Greiðslumiðlunar hafi komið fram að úttektarheimildirnar væru samtengdar á milli þeirra næturlúbba sem aðgerðirnar næðu til. Stofnuninni barst svar frá Kreditkortu, dags. 27. september 2000. Í svarinu segir að umrædd úttektarmörk séu samtengd og gildi gagnvart þremur næturlúbbum í Reykjavík, þ. á m. næturlúbbi kvartanda. Í því felist að úttektarmörk á einstökum kortum taki til staðanna sameiginlega og séu miðuð við einn sólarhring. Þá segir jafnframt að Kreditkort hafi ekki gripið til takmörkunar á úttektarheimildum hjá öðrum greiðsluviðtakendum.

II.

Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 26. október 2000, var ákvörðun tekin í máli þessu. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson, Sigurbjörn Magnússon og Atli Freyr Guðmundsson.

1.

Helstu sjónarmið málsaðila

i.

Í máli þessu kvartar Veitingahúsið Austurvöllur ehf. yfir því að greiðslukortafyrirtækin Greiðslumiðlun og Kreditkort hafi tekið höndum saman og takmarkað úttektarheimildir á greiðslukortum hjá veitingahúsinu Óðali sem sé í eigu kvartanda. Greiðslukortafyrirtækin hafi nefnt umræddar aðgerðir áhættustýringu án þess þó að útskýra nánar hvað um sé að ræða. Að mati kvartanda fela umræddar aðgerðir greiðslukortafyrirtækjanna í sér brot á ákvæðum 1., 10., 12., 17., 20., 35. og 37. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Kvartandi bendir á að aðgerðirnar feli í sér ólöglegt samráð greiðslukortafyrirtækjanna sem takmarki samkeppni og séu þær því samkeppnishamlandi. Með þeim sé komið í veg fyrir að korthafar geti átt viðskipti fyrir ótakmarkaða upphæð á veitingastað hans eins og þeir geti gert annars staðar. Kvartandi verði því fyrir miklu tjóni vegna minnkaðra viðskipta á veitingastað sínum. Í máli hans kemur einnig fram að það sé mat fyrirtækisins að greiðslukortafyrirtækjunum sé óheimilt að flokka veitingahús með þeim hætti sem þau geri og ákveða hvernig korthafar hagi sinni neyslu og eyðslu á mismunandi stöðum. Aðgerðirnar skekki samkeppnisstöðu veitingastaða með því að láta aðrar reglur gilda fyrir ákveðna gerð veitingastaða en almennt gildi fyrir önnur fyrirtæki. Sérstaklega eigi það við um debetkort þar sem í þeim tilvikum sé ekki um lánsviðskipti að ræða. Hér sé því um að ræða tilraun til að stýra viðskiptum í þjóðfélaginu. Því er hafnað að um meinta misnotkun hafi verið að ræða í greiðslukortaviðskiptum á veitingastaðnum Óðali enda hafi greiðslukortafyrirtækin ekki lagt fram neinar sannanir þar um.

ii.

Fram kemur í svari Greiðslumiðlunar að fyrirtækið líti svo á að það að setja hámark á fjárúttekt korthafa á einum sólarhring á næturklúbbum hafi verið eðlileg varnarviðbrögð sem fyrirtækið hafi fullan rétt til vegna misferla sem upp hefðu komið í viðskiptum korthafa á slíkum stöðum. Margar kvartanir hefðu t.a.m. borist frá korthöfum sem hefðu talið sig vera látnir samþykkja

hærri fjárúttektir en þeir hefðu gert sér grein fyrir. Greiðslumiðlun telji því að fyrirtækið hafi fulla heimild til að stýra viðskiptum og draga úr áhættu með umræddum aðgerðum og vísar í því sambandi til skilmála sem fram komi í samningum fyrirtækisins og greiðsluviðtakenda. Fyrirtækinu sé þannig heimilt að ákveða hámark á fjárúttekt korthafa með tilliti til áhættu og aðstæðna. Þá kemur fram í máli Greiðslumiðlunar að bæði greiðslukortafyrirtækin, þ.e. Greiðslumiðlun og Kreditkort, hafi haft með sér samvinnu um aðgerðirnar og leggur fyrirtækið fram gögn og upplýsingar sem staðfesta það. Gripið hafi verið til samstilltra aðgerða af hálfu fyrirtækjanna í öryggisskyni sem sé að mati Greiðslumiðlunar í fullu samræmi við öryggissamstarf fjármálastofnana. Samvinna fyrirtækjanna feli ekki í sér brot á samkeppnislögum. Aðgerðunum sé ekki beint gegn einstökum stöðum, samvinnan nái aðeins til þátta sem varði misferli með greiðslukort. Korthafar séu verndaðir fyrir ósæmilegum viðskiptaháttum á næturklúbbum þar sem verðlagning þjónustunnar sé há og ógagnsæ, ekki síst fólki sem ekki sé allsgáð. Ennfremur er vísað til 13. gr. samkeppnislaga og bent á að fyrirtæki geti haft með sér samráð ef það hafi lítil áhrif á þeim markaði sem um ræðir. Loks er því mótmælt að aðgerðir fyrirtækjanna skekki samkeppnisstöðu næturklúbba þar sem allir búi þeir við svipuð kjör. Aðrir skemmtistaðir bjóði ekki upp á staðgönguvöru og útilokað sé að eyða fjármunum á einni kvöldstund í líkingu við það sem almennt gerist á næturklúbbum.

Greiðslumiðlun heldur því fram að þeir sem hyggist eyða hærri fjárhæðum en úttektarmörk heimili geti notað aðra greiðslumiðla en greiðslukort til að greiða fyrir þá þjónustu sem þeir kaupir á næturklúbbum. Í þessu sambandi er vísað til reiðufjár, ávísana og reikningsviðskipta og færð fyrir því rök að umræddir gjaldmiðlar séu á sama markaði og greiðslukort.

iii.

Í máli Kreditkorts kemur fram að aðgerðirnar sem greiðslukortafyrirtækin hafi gripið til gagnvart næturklúbbum hafi átt sér nokkurn aðdraganda. Ástæðan hafi verið sú að hátt hlutfall endurkrafna og kvartana hefði borist fyrirtækinu vegna úttekta hjá næturklúbbum, þ. á m. þeim sem kvartandi reki. Viðskiptasaga umræddra veitingastaða við korthafa hafi því þótt gefa tilefni til lækkunar á úttektarmörkum. Það er mat Kreditkorts að lækkunin sé lögmæt og í samræmi við heimild til slíkra aðgerða sem sé að finna í skilmálum samnings við aðildarfyrirtæki um kreditkort.

Kreditkort telur að fyrirtækið hafi í öllu farið að lögum í samskiptum sínum við kvartanda. Í máli fyrirtækisins kemur m.a. fram að debetkort séu útgefin af innlánsstofnunum með stuðningi greiðslukortafyrirtækjanna og „keyrð“ með samræmdu ferli um svokallaða Rás-þjónustu. Úttektarmörk hjá fyrirtækinu hafi fallið undir skilgreiningu Rás-þjónustunnar vegna áhættustýringar. Veitingahús kvartanda hafi verið flokkað ásamt nokkrum stöðum sem bjóði upp á nektardans með vísan til svokallaðrar MCC flokkunar.⁵ Svokölluð Rás-nefnd sem hafi eftirlit með Rás-þjónustunni hafi tekið þá ákvörðun í desember 1999 að setja tiltekin úttektarmörk á hvert debetkort. Þrátt fyrir samstarf greiðslukortafyrirtækjanna um svokallaða „keyrslu“ debetkorta taki Kreditkort sjálfstæðar ákvarðanir um áhættustýringu sína. Kreditkort hafi ákveðið að miða sín úttektarmörk á kreditkortum við það sem sem ákveðið hafði verið sem hámark á debetkortum. Hafi sama hámark verið valið hjá Greiðslumiðlun kunni það að helgast af tilviljun eða samstarfi um Rás-þjónustu. Takmarkanir á úttektum kreditkorta Kreditkorts séu ekki miðaðar við MCC flokkun heldur meti fyrirtækið samskipti við einstök aðildarfyrirtæki, en ekki eðli starfsemi þeirra. Kreditkort kannist við að hafa átt samstarf við Greiðslumiðlun um öryggismál og áhættustýringu í gegnum tíðina og telji það í alla staði nauðsynlegt og eðlilegt til að gæta hagsmuna viðskiptavina sinna. Önnur fyrirtæki búi ekki við takmarkanir á úttektarheimildum en bent er á að úttektarmörk hafi alltaf verið í hraðbönkum, bæði hér á landi og erlendis.

2.

Samráðið

Samkeppnisráð bendir á að það mál sem er hér til umfjöllunar snýst um að í desember árið 1999 tóku greiðslukortafyrirtækin Greiðslumiðlun og Kreditkort ákvörðun um að takmarka úttektarheimildir á greiðslukortum hjá korthöfum á þeim veitingahúsum hér á landi sem jafnframt bjóða gestum sínum upp á skemmtidagskrá eins og nektardanssýningar. Umræddar aðgerðir tóku gildi þann 18. desember 1999 og miðast við að ekki sé hægt að taka út meira en sem nemur samtals 50.000 krónum á hvert almennt greiðslukort á sólarhring. Á það bæði við um debet- og kreditkort. Þó er hægt að taka út 75.000 krónur með svokölluðum gull- og viðskiptakortum.⁶ Hjá Greiðslumiðlun ná aðgerðirnar til

⁵ Samkvæmt upplýsingum frá greiðslukortafyrirtækjunum stendur MCC fyrir *Merchant Category Code*. Um er að ræða alþjóðlegan fjögurra stafa númerakóða sem notaður er til að flokka greiðsluviðtakendur eftir eðli þeirrar vöru og/eða þjónustu sem þeir bjóða upp á. Kóðinn er notaður við áhættustýringu þannig að greiðsluviðtakendur sem eru með sama kóða lúta sömu skilmálum um úttektir korthafa. Hér er t.d. átt við hversu oft/reglulega heimilda sé leitað og hver sé lágmarksúttekt korthafans án heimildarleitar.

⁶ Þessum mörkum hefur síðan verið breytt.

tíu næturklúbba, sjö í Reykjavík og þriggja á Akureyri en hjá Kreditkortu ná þær til þriggja staða í Reykjavík. Auk þess sem úttektarheimild korthafa á stöðunum takmarkast við ákveðna hámarksupphæð samkvæmt framansögðu eru heimildirnar einnig samtvinnaðar. Þannig getur korthafi sem á t.d. viðskipti fyrir 30.000 krónur á tilteknum stað með almennu debetkorti ekki keypt fyrir hærri upphæð en sem nemur 20.000 krónur á öðrum stað sem jafnframt býr við umrædda takmörkun. Kvartandi í þessu máli telur að greiðslukortafyrirtækin hafi sammælt um samkeppnishamlandi aðgerðir gegn veitingastað sínum og því brotið gegn ákvæðum samkeppnislaga.

Þar sem ljóst var að umrædd takmörkun á úttektarheimildum hafði tekið gildi um svipað leyti hjá báðum greiðslukortafyrirtækjunum og úttektarmörkin voru miðuð við sömu upphæð þótti samkeppnisyfirlöndum ástæða til að óska eftir ákveðnum gögnum og upplýsingum frá greiðslukortafyrirtækjunum. Var það gert til að varpa ljósi á það hvort meint samráð þeirra fæli í sér brot á ákvæðum samkeppnislaga. Þannig var m.a. óskað eftir afriti af öllum samningum og öðrum gerningum sem voru í gildi eða höfðu verið gerðir á milli fyrirtækjanna í tengslum við aðgerðirnar. Einnig var óskað eftir öðrum gögnum, s.s. fundargerðum, minnisblöðum, tölvupósti o.þ.h. sem fyrirtækin kynnu að búa yfir og tengdust því máli sem hér um ræðir. Gögn sem bárust Samkeppnisstofnun frá Greiðslumiðlun, m.a. afrit af tölvupósti o.fl. sýna svo ekki verður um villst að fyrirtækin tvö, Greiðslumiðlun og Kreditkort höfðu með sér náð samstarf um þær aðgerðir sem hér um ræðir. Forsvarsmenn fyrirtækjanna höfðu samband sín á milli og ræddu m.a. um það hvaða upphæð ætti að miða við sem hámarksúttekt, hvernig standa ætti að framkvæmd aðgerðanna og opinberri kynningu um þær. Greiðslumiðlun hafði óskað eftir því að umrædd gögn yrðu meðhöndluð af Samkeppnisstofnun sem trúnaðarmál. Að mati samkeppnisráðs fela gögnin ekki í sér upplýsingar sem flokka má sem viðskiptaleyndarmál, t.a.m. samninga um viðskiptakjör o.þ.h. Hins vegar er það mat ráðsins að ýmsar upplýsingar sem fram koma í tölvupóstamskiptunum séu til þess fallnar að varpa skýrara ljósi á það hvert var raunverulegt markmið og tilgangur greiðslukortafyrirtækjanna með umræddum aðgerðum. Eftirfarandi er því tilvitnun í umræddan tölvupóst sem sendur var þann 14. og 17. desember árið 1999:

Þann 14. desember 1999 sendi framkvæmdastjóri Greiðslumiðlunar eftirfarandi tölvupóstskeyti til framkvæmdastjóra Kreditkorts:

„Minn ágæti,

Ég og við höfum títt rætt okkar á milli á fundum eða förnun vegi er löngu orðið tímabært að aðhafast eitthvað og taka á málum vegna gjálífisfærslna frá nektarbúllum, sem stunda það bevislega að hlunnfara grandalausá góðborgara, sem álpast inn á slíka staði í sakleysi sínu. Sumir hverjir vita ekkert í sinn haus fyrir en eiturvíman svífur af þeim næsta dag. Ætla má að þeim hafi sumum verið blönduð ólyfjan. ...

...

Við erum í viðbragðstöðu að loka þeim stöðum fyrirvaralaust ef um óyggjandi svik vegna heimildanúmera eða af öðrum ástæðum er að ræða, en stjórnin hefur hvatt mjög til þess gripið verði til aðgerða og reynt að stemma stigum við þessum ósóma, sem veltir upp á sig vanskilum og skuldatöpum.

Samstilltar aðgerðir:

Við erum að undirbúa breytingu á heimildarkerfum bæði kredit- og debetkorta þannig að ekki verði hægt að eyða meira en sem svarar mánaðarkaupum verkamanns á einum sólarhring. Jafnframt verði innhringimörk lækkuð. ... mun sjá um að breyta RB-megin, sem getur gengið fljótt. Nýr MCC (Merchant category code) verður settur inn á alla þessa staði, svo unnt sé að binda notkun við þá og heimildarnotkun á þeim á einni nóttu.

Mikilvægt væri að kortafyrirtækin væru samstíga í þessu átaki.

Ef hægt væri að kynna þetta fyrir jóla, frá og með næstu úttektartímabili þann 18. des, myndum við og fyrirtæki okkar hljóta verðskuldað lof í jóla- og nýársræðum sálusorgara þjóðarinnar í messum um hátíðarnar.

Vinsamlega láttu mig heyra frá þér sem fyrst. “

Sama dag svarar framkvæmdastjóri Kreditkorts framangreindum tölvupósti:

„Góður texti, ætti að takast upp í næstu útgáfu af jólaguðsspjallinu.

... forst.m. og ... lögfr. eru til í að hitta þína menn með okkar dæmi upp á vasann. Það er ... og það er líka ... sem eru að trufla okkar

korthafa. Þessi glæpon í ... er mesta vandamálið, kannski við ættum að meðhöndla hann sérstaklega, öðrum til viðvörunar. Við látum til skarar skriða.“

Enn svarar framkvæmdastjóri Greiðslumiðlunar, einnig sama dag:

„Ég hef í millitíðinni rætt við forstjóra RB sem er með á málinu og mun fela ... að stilla heimildagjöf miðað við t.d. 50.000 á dag, en við höfum látið okkur detta í hug 50.000 á alm. kort og 75.000 á gullkort, sem samsvarar einu Þarf að ræða nánar. Verðum í sambandi.“

Aftur svarar framkvæmdastjóri Kreditkorts einnig sama dag:

„Ég sting upp á að við getum haft fjárhæðir mismunandi, frá einum tíma til annars og milli (sic) fyrirtækja og bankastofnana.“

Að morgni dags þann 17. desember 1999 sendir framkvæmdastjóri Greiðslumiðlunar eftirfarandi skeyti til starfsmanna Reiknistofu bankanna auk framkvæmdastjóra Kreditkorts:

„Minn ágæti,

Vegna þess ófremdarástands og óráðsú sem skapast hefur með opnun næturklúbba en þó einkum nektardansstaða hér á landi hefur verið ákveðið að breyta áhættustýringu, þe. að takmarka eyðslufjárhæðir með greiðslukortum á slíkum “nektarbúllum” verulega frá því sem verið hefur, en þær hafa í raun verið ótakmarkaðar miðað við úttektarheimildir, innistæður á tékkareikningum og yfirdráttarheimildir.

Því er þess óskað að gerð verði breyting á heimildarkerfi Visa Electron Debetkorta þannig að mest verði hægt að taka út kr. 50.000 á einum sólarhring.

Breytingin taki gildi frá og með miðnætti í kvöld, eða frá kl. 00.01 þann 18. des. og ná til söluaðila með þjónustukóða 5813

Ákvörðun þessi er tekin í samráði við stjórn VISA sem í eiga sæti fulltrúar bankastjórnanna.

Jafnframt verða settar inn hliðstæðar takmarkanir í heimildarkerfi okkar vegna kreditkorta.“

Þann 17. desember sendir framkvæmdastjóri Greiðslumiðlunar drög að fyrirhugaðri sameiginlegri fréttatilkynningu greiðslukortafyrirtækjanna til framkvæmdastjóra Kreditkorts. Fréttatilkynningin ber yfirskriftina *Hertar aðgerðir gagnvart næturklúbbum og nektardansstöðum*. Í fréttatilkynningunni segir:

„Vegna sívaxandi greiðslukortamisferlis á næturklúbbum hefur reynst nauðsynlegt af hálfu VISA og EUROPAY og bankanna að grípa til sérstakra aðgerða til að draga úr óhóflegri eyðslu og úttektum langt umfram heimildir og greiðslugetu korthafa. Því taka gildi frá og með deginum í dag hertar reglur um áhættustýringu í kortaviðskiptum, sem fela í sér þrengd viðmiðunarmörk varðandi eyðsluheimildir korthafa í viðskiptum á næturklúbbum, einkum nektardansstöðum. Í þeim fellst m.a. að ekki verður hægt að taka út á slíkum stöðum meira en kr. 50.000 á sólarhring á debetkort eða almenn kreditkort og kr. 75.000 á gullkort. Áður var hægt að taka út nánast alla mánaðarúttekt í einu lagi án takmarkana.

Að undanfögnu hefur hvert málið rekið annað þar sem korthafar hafa lent í óráðsú, því að eyða fjárhæðum upp á tugi og jafnvel hundruð þúsunda á einni nóttu, sem sumir hverjir hafa ekki reynst borgunarmenn fyrir og stefnt hefur heimilisfriði í voða. Þá hefur fjölgað mjög á sama tíma kvörtunum frá korthöfum sem ekki kannast við færslur eða fjárhæðir á sölunótum sem borist hafa á kortareikninga þeirra. Ennfremur hafa komið upp nokkur tilfelli þar sem öldurhús og nektardansstaðir hafa verið staðnir að því að senda inn á kortakerfin greiðslukortafærslur með fölskum heimildanúmerum, færslum sem hafa verið skráðar inn eftir á, þrátt fyrir synjun um úttektarheimild.

Allt ber þetta að sama brunni, hreint ófremdarástand hefur verið að skapast. Þá hefur vaknað sterkur grunur um að sumstaðar sé verið að misnota sér ástand viðskiptamanna í hagnaðarskyni eða jafnvel að

sumum þeirra hafi hreinlega verið byrluð ólyfjan. Allavega er ljóst að í sumum tilfellum hafa menn verið slegnir ómínnishegra að því er virðist, muna ekkert um atburði nátturinnar og átta sig ekki á óhófseyðslu sinni fyrr en kortútskrifin berst löngu síðar.“

Í svari framkvæmdastjóra Kreditkorts sama dag segir:

„Takk. Skemmtilegur persónulegur stíll og ritgleði. Það er því miður orðið sjaldgæft að Íslendingar séu sendibréfsfærir.

Mér finnst samt að rétt sé að við hjá EPÍs sendum okkar eigin tilkynningu, þóssum upp á að hún sé ekki efnislega misvísandi við þetta, vinsamlega taktu út það sem að okkur snýr og fleirtölumyndir orða.

Ábending: Textinn er dálítið herskár, menn gætu teygt þetta og togað, þú ferð yfir það. T.d. gætu bankarnir sem þarna er beint og óbeint talað fyrir haft varkárara orðalag í huga.“

Í ljósi þess sem fram kemur í framangreindum tölvupóstsamskiptum er að mati samkeppnisráðs engum vafa undirorpið að forsvarsmenn greiðslukortafyrirtækjanna höfðu með sér náið samstarf um aðgerðirnar. Framkvæmdastjóri Greiðslumiðlunar kynnir sínar hugmyndir fyrir Kreditkorti og segir mikilvægt að fyrirtækin verði samstíga hvað þetta varði. Framkvæmdastjóri Kreditkorts svarar því til að starfsmenn fyrirtækisins séu tilbúnir til að funda um málið og kynna sínar hugmyndir. Þessi ummæli og það sem á eftir kemur, s.s. drög að sameiginlegri fréttatilkynningu sýna ótvírætt að mati samkeppnisráðs að náið samráð var haft um aðgerðirnar.

Að mati samkeppnisráðs snýst það samráð sem hér um ræðir um það að tvö fyrirtæki á sama sölustigi ákveða að sameiginlegir viðskiptavinir þeirra á öðru sölustigi skuli lúta ákveðnum skilyrðum sem aðrir viðskiptavinir þurfa ekki að búa við. Samráðið leiðir til þess að framkvæmd aðgerðanna af hálfu beggja fyrirtækjanna verður sú sama. Áhrif þeirra taka gildi á sama tíma, skilyrðin (úttektarmörkin) sem þeim fylgja eru bundin sömu viðmiðum, bæði hvað varðar tíma og þá upphæð sem miðað er við.

3.

Skilgreining markaðarins

Að mati samkeppnisráðs fellur framangreint samráð ekki undir nógildandi 10. gr. samkeppnislaga. Gildandi bann 10. gr. við samráði tekur einungis til aðgerða sem lúta að eða er ætlað að hafa áhrif á verð, skiptingu markaða og gerð tilboða.⁷ Andlag samráðs greiðslukortafyrirtækjanna fellur ekki undir þessa flokka.

Nógildandi samkeppnislög eru uppbyggð þannig að þau fela í sér sambland bannreglu og misbeitingarreglu en þó með mun meiri áherslu á misbeitingaraðferðina. Þannig er við það miðað í lögunum að falli ekki tiltekið samstarf eða samráð milli fyrirtækja undir hinar tiltölulega þröngu bannreglur er hægt að taka á því á grundvelli misbeitingarreglu 17. gr samkeppnislaga.⁸ Ákvæði 17. gr. laganna veita því m.a. heimild til að grípa til aðgerða gegn samkeppnishamlandi samráði fyrirtækja og gegn misnotkun markaðsráðandi fyrirtækja á stöðu sinni.⁹

Að mati samkeppnisráðs verður því að taka til athugunar hvort umrætt samráð greiðslukortafyrirtækjanna hafi skaðleg áhrif á samkeppni og brjóti þar með í bága við 17. gr. samkeppnislaga. Við mat á því verður í upphafi að skilgreina þann markað sem við á.

Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Staðgengdarþjónusta er þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarrar. Tilgangur þess að skilgreina viðkomandi markað í samkeppnisrétti er að finna það svið viðskipta sem tengist því máli sem er til umfjöllunar. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markað frá tveimur sjónarhornum; þjónustumarkaðnum og landfræðilega markaðnum.

Þjónustumarkaðurinn

Eins og fyrr segir bendir kvartandi í þessu máli á að umræddar aðgerðir greiðslukortafyrirtækjanna leiði til þess að korthafar geti ekki átt viðskipti með greiðslukortum sínum á veitingastað þeim sem hann rekur nema fyrir

⁷ Með lögum nr. 107/2000, sem taka gildi 6. desember nk., er bann 10. gr. við samráði víkkað til muna.

⁸ 10. gr. samkeppnislaga er þröng m.a. í þeim skilningi að hún lýtur aðallega að banni við hvers konar samkeppnishömlum sem lúta að verði og skiptingu markaða en undir hana falla ekki atriði sem takmarka annars konar samkeppni (non-price competition)

⁹ Þessi uppbygging samkeppnislaga er sambærileg uppbyggingu norsku samkeppnislaganna, enda var höfð hliðsjón af þeim lögum við undirbúning setningu samkeppnislaganna

takmarkaða upphæð. Í máli beggja greiðslukortafyrirtækjanna kemur hins vegar fram að korthafar hafi aðrar leiðir til að greiða fyrir þá þjónustu sem kvartandi býður upp á. Að mati samkeppnisráðs þarf því í þessu máli að taka til athugunar hvort notkun á greiðslukortum sé á sama markaði í skilningi samkeppnislaga og aðrir greiðslumiðlar, s.s. reiðufé og ávísanir.

Við mat á því hver sé markaður þessa máls verður í upphafi að líta til þess að þær tegundir greiðslukorta sem bjóðast hér á landi eru með beinum eða óbeinum hætti á vegum tveggja greiðslukortafyrirtækja, þ.e. Greiðslumiðlunar og Kreditkorts. Fyrirtækin sjá um markaðssetningu, þróun nýrra tegunda korta (upp á síðkastið einnig í samvinnu við ýmis fyrirtæki) og jafnvel útgáfu korta til neytenda ásamt því að semja við greiðsluviðtakendur um móttöku kortanna. Jafnframt taka þessi fyrirtæki þátt í reka grunnvirki fyrir rafrænar millifærslur, sbr. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 12/1998, *Erindi Íslandspósts hf. um aðgang að Rás-þjónustu banka og sparisjóða*. Að þessu virtu virðist sem unnt sé að skipta heildargreiðslukortamarkaðnum í a.m.k tvo hluta. Í fyrsta lagi er um að ræða markaðinn fyrir útgáfu greiðslukorta til neytenda og í öðru lagi markaðinn fyrir þá þjónustu sem er nauðsynleg til að sölu- og þjónustufyrirtæki geti veitt greiðslukortum viðtöku. Við mat á því hvort greiðslukortafyrirtækin búi yfir efnahagslegum styrk á því sviði verður að meta hvort staðganga sé gagnvart greiðsluviðtakendum á milli greiðslukorta og annarra greiðslumiðla.

Á markaðnum fyrir útgáfu á greiðslukortum starfa bankar, sparisjóðir og Kreditkort ásamt Greiðslumiðlun að því marki sem fyrirtækið sér um útgáfu kreditkorta f.h. og á ábyrgð banka og sparisjóða. Ekki er ljóst að hvaða marki samkeppni ríkir milli þessa aðila vegna eignatengsla og annarra atvika en ekki er þörf á því að fjalla um það atriði í þessu máli.

Á markaðnum gagnvart greiðsluviðtakendum starfa aftur á móti eingöngu Greiðslumiðlun og Kreditkort. Þannig sjá Greiðslumiðlun og Kreditkort um öll samskipti við greiðsluviðtakendur hvort heldur það er greiðslukortafyrirtæki, banki eða sparisjóður sem gefur út debet- eða kreditkort til korthafa. Þar sem í máli þessu er kvartað yfir skilyrðum sem greiðslukortafyrirtækin hafa sett greiðsluviðtakendum er rétt að líta nánar á þessi samskipti en þau grundvallast á samningum milli aðila. Í samningunum er kveðið á um réttindi og skyldur aðila, þ.á m. þau úttektarmörk sem greiðslukortafyrirtækið setur fyrir hver einstök viðskipti hjá greiðsluviðtakenda og áhættuflokkun. Jafnframt er í samningunum kveðið á um þjónustugjöld sem greiðsluviðtakendur greiða til greiðslukortafyrirtækjanna af þeim viðskiptum sem fara fram með

greiðslukortum og eru þessi gjöld ein aðaltekjulind greiðslukortafyrirtækjanna. Fyrir þjónustugjaldið fá greiðsluviðtakendur m.a. ákveðið öryggi í viðskiptum við korthafa umfram það sem t.d. ávísanir eða önnur reikningsviðskipti bjóða upp á. Þannig ábyrgist greiðslukortafyrirtækið, f.h. banka og sparisjóða, greiðslu allra úttekta korthafa hafi greiðsluviðtakandi fylgt skilmálum samningsins. Greiðslukortafyrirtækin eru þannig milliliður á milli korthafa og greiðsluviðtakenda. Afgreiðslubúnaðinn, posa, leigja greiðsluviðtakendur m.a. af Rás-þjónustunni. Í posana er m.a. forrituð sk. áhættustýring greiðslukortafyrirtækjanna sem er mismunandi eftir eðli viðskipta. Kostnað við færslu upplýsinga úr posum í gegnum símalínur bera greiðsluviðtakendur sem og annan rekstrarkostnað við posa.

Samandregið felst í framangreindri starfsemi greiðslukortafyrirtækjanna að veita greiðsluviðtakendum alla þá þjónustu sem þeir þurfa á að halda til þess að geta veitt greiðslukortum viðtöku og er nefnt þjónustugjald endurgjald fyrir þessa þjónustu. Samkeppni milli greiðslukortafyrirtækjanna á þessum markaði getur m.a. falist í fjárhæð þjónustugjaldanna, samningsskilmálum og almennum gæðum þeirrar þjónustu sem þau veita.

Í máli Greiðslumiðlunar hefur m.a. komið fram að viðskiptavinir kvartanda geti notað mismunandi aðferðir til að greiða fyrir þá þjónustu sem hann bjóði upp á og jafnframt að fullkomin staðganga sé á milli þeirra aðferða. Um sé að ræða notkun á greiðslukortum, reiðufé, ávísunum og jafnvel reikningsviðskiptum. Þá er einnig vísað til þess möguleika að taka út reiðufé í hraðbönkum sem opnir séu allan sólarhringinn. Samkeppnisráð telur að a.m.k. gagnvart greiðsluviðtakendum geti aðrir greiðslumiðlar ekki komið að fullu eða verulegu leyti í stað greiðslukorta.¹⁰

Hér verður í upphafi að líta til þess að greiðsluviðtakendur verða að taka við peningum sem greiðslu.¹¹ Val þeirra á því hvaða aðra greiðslumöguleika þeir bjóða er háð óskum viðskiptavina hans. Greiðslukort bjóða neytendum upp á sambland þæginda, útbreiddrar móttöku, öryggis og í tilviki kreditkorta seinkunar á greiðslu sem aðrir greiðslumöguleikar bjóða ekki. Telja verður að verslanir og þjónustufyrirtæki myndu almennt ekki bjóða neytendum upp á slík lánsviðskipti, t.d. í formi reikningsviðskipta. Hér skiptir einnig verulegu máli

¹⁰ Hér má hafa í huga að bandarísk samkeppnisyfirköld líta á markaðinn með þrengri hætti. Að mati þeirra eru kreditkort á öðrum samkeppnismarkaði en debetkort: U.S v. Visa U.S.A Inc. o.fl., Complaint 07.10.98.

¹¹ Íslenska krónan er lögeyrir landsins.

að margoft hefur komið fram að kortanotkun Íslendinga er í algerum sérflokki í heiminum¹². Sökum þessara atriða verður að ætla að almennt sé það ekki raunhæfur kostur fyrir sölu- og þjónustuaðila að bjóða ekki upp á greiðslukortþjónustu. Til viðbótar þessu liggur fyrir að notkun á greiðslukortum felur í sér ótvíræð þægindi og öryggi í viðskiptum fyrir greiðsluviðtakandann, sem önnur greiðsluform gera ekki.¹³ Frá sjónarhóli fyrirtækja verður þannig að telja að móttaka greiðslna með greiðslukorti sé öruggari en greiðsla með reiðufé, ávísunum eða vörusölu út í reikning. Aukin notkun á greiðslukortum hefur leitt til þess að fyrirtæki þurfa ekki að geyma eins háar fjárhæðir í afgangslukössum sínum, ávísanamisferli hefur minnkað og reikningsviðskipti í almennum verslunum heyra að mestu sögunni til.¹⁴ Þá má einnig halda því fram að í ákveðnum tegundum viðskipta sé það ómissandi aðstaða fyrir fyrirtæki að geta boðið upp á greiðslumóttöku með greiðslukortum. Dæmi um slík fyrirtæki eru þau sem selja vöru og þjónustu í gegnum Internetið. Eðli slíkra viðskipta er þannig að þau eiga ekki val um það hvort þau taki við greiðslukortum frá viðskiptavinum sínum eður ei. Þegar framangreint er virt er það mat samkeppnisráðs að ekki sé hægt að fallast á að líta eigi til annarra greiðslumiðla en greiðslukorta við skilgreiningu á viðkomandi þjónustumarkaði.

Þjónustumarkaður þessa máls er því sú þjónusta greiðslukortafyrirtækjanna sem er nauðsynleg til að sölu- og þjónustufyrirtæki geti veitt greiðslukortum viðtöku.

Landfræðilegur markaður

Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum. Meðal þátta sem skipta máli við mat á viðkomandi landfræðilegum markaði eru eðli og einkenni viðkomandi vöru eða þjónustu, hugsanlegar aðgangshindranir eða neytendavenjur, greinilegur munur á

¹² Visa pósturinn í febrúar 2000: „Miðað við íbúafjölda er útbreiðsla greiðslukorta hérlendis með því mesta sem þekktist í heiminum... Um 80% allra smásöluviðskipta hérlendis eru greidd með kortum í dag“.

¹³ Á heimasíðu Greiðslumiðlunar koma sambærileg sjónarmið fram en í eftirfarandi pistli frá fyrirverandi framkvæmdastjóra fyrirtækisins segir: „Ljóst er að sölu- og þjónustuaðilar hafa mikið hagræði af kortaviðskiptum, miðað við tékka, seðla eða mynt, auk hins mikla öryggis sem rafrænar greiðslur veita, sé rétt að staðið.“ Svipuð viðhorf eru einnig sett fram um kosti greiðslukortakerfisins á bls. 14 í ársreikningi Kreditkorts fyrir árið 1999. Hér má einnig vísa til þess að í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 9/1994 lýstu bankar og sparisjóðir yfirburðum debetkorta sem greiðslumiðli.

markaðshlutdeild fyrirtækja á þessu svæði og aðliggjandi svæðum eða verðmunur.

Greiðslukortafyrirtækin á Íslandi bjóða þjónustu sína greiðsluviðtakendum hér á landi en korthafar geta auk þess notað kort sín erlendis enda fyrirtækin þátttakendur í alþjóðlegu samstarfi Visa-International og Europay. Eins og áður hefur komið fram ná aðgerðirnar til nokkurra greiðsluviðtakenda á Íslandi, þ.e. í Reykjavík og á Akureyri. Að mati samkeppnisráðs er landfræðilegur markaður þessa máls því landið allt, Ísland.

4.

Staða greiðslukortafyrirtækjanna á markaðnum

Á árinu 1999 voru heildartekjur greiðslukortafyrirtækjanna tveggja rúmlega tveir milljarðar króna. Þar af var hlutur Greiðslumiðlunar um 62%. Markaðshlutdeild Greiðslumiðlunar m.v. fjölda útgefna korta er um 66%, bæði hvað varðar útgefin kreditkort og debetkort. Á síðastliðnu ári nam eigið fé Greiðslumiðlunar rúmum 1,4 milljarði króna en rúmum milljarði hjá Kreditkorti.

Á árinu 1999 var velta í kreditkortanotkun um 111 milljarðar kr. og um 254 milljarðar kr. í debetkortum en þar af eru um 145 milljarðar kr. greiðslur í bönkum. Heildarvelta tékka var á sama tíma um 630 milljarðar kr. Hlutdeild Greiðslumiðlunar af debetkortaveltu var um 68% (greiðslur í bönkum ekki meðtaldar) og um 74% af kreditkortaveltu á árinu 1999.

Miðað við framangreindar staðreyndir verður að telja að Greiðslumiðlun sé í markaðsráðandi stöðu á hinum skilgreinda markaði. Markaðsráðandi staða er fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og er því að verulegu leyti kleift að starfa án þess að þurfa að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda, sbr. 4. gr. laganna. Markaðshlutdeild viðkomandi fyrirtækis skiptir miklu þegar staða þess er metin. Því meiri sem hún er því líklegra er að um markaðsráðandi stöðu sé að ræða. Aðrir þættir sem m.a. geta skipt máli eru tæknilegir yfirburðir fyrirtækisins, yfirráð yfir hráefnum, fjárhagslegur styrkur, stærðarhagkvæmni og hegðan fyrirtækisins. Þegar litið er m.a. til

¹⁴ Sbr. og bls. 14. í ársreikningi Kreditkorts fyrir árið 1999.

markaðshlutdeildar Greiðslumiðlunar verður eins og áður sagði að telja að fyrirtækið sé í markaðsráðandi stöðu.¹⁵

Að mati samkeppnisráðs verður einnig í þessu máli að líta til samlegðaráhrifa greiðslukortafyrirtækjanna á þeim markaði sem hér um ræðir. Eins og áður hefur komið fram er það mat kvartanda að aðgerðirnar byggja á samráði fyrirtækjanna tveggja. Saman hafa greiðslukortafyrirtækin einokunarstöðu á hinum skilgreinda markaði, öðrum keppinautum er ekki til að dreifa. Því má ljóst vera að allar samstilltar aðgerðir milli fyrirtækjanna eru til þess fallnar að hafa umtalsverð samkeppnisleg áhrif.

5.

Brot á 17. gr. samkeppnislaga

Eins og fram kemur í undirkafla 2 hér að framan telur samkeppnisráð sannað að Greiðslumiðlun og Kreditkort hafi haft með sér samráð. Samráðið fólst í samanteknum ráðum tveggja fyrirtækja á sama sölustigi, sem sameiginlega njóta einokunar á þeim markaði sem þau starfa, um aðgerðir gagnvart ákveðnum hópi af viðskiptavinum fyrirtækjanna. Greiðslumiðlun og Kreditkort sammæltust um að takmarka úttektir greiðslukorthafa á þeim veitingastöðum sem bjóða upp á nektardans. Takmarkanirnar felast í því að viðkomandi korthafi getur aðeins átt viðskipti fyrir ákveðna fjárhæð á einum sólarhring á umræddum veitingastöðum. Eru viðskipti korthafa á mismunandi veitingastöðum lögð saman og úttekt stöðvuð þegar hámarksfjárhæð er náð. Fram kemur í máli greiðslukortafyrirtækjanna að þau hafi heimild til að ákveða úttektarmörk hjá söluaðilum og benda þau á ákvæði um áhættustýringu í samningum sínum við söluaðila því til stuðnings. Einnig benda þau á að hér sé um sjálfsgæðar öryggisráðstafanir að ræða þar sem greiðslukort hafi mikið verið misnotuð af þeim söluaðilum sem aðgerðirnar ná til og eðlilegt sé að hafa samvinnu um slíkt. Í máli kvartanda kemur hins vegar fram að ekki hafi komið til misferla vegna notkunar á greiðslukortum í veitingastað hans.

¹⁵ Hér má hafa í huga að draga má þá ályktun af dómi dómstóls EB í sn. *Akzo* máli að 50% hlutdeild eða meira teljist ein og sér sýna fram á markaðsráðandi stöðu nema fyrir hendi séu sérstakar kringumstæður (exceptional circumstances) sem bendi til annars: Mál nr. C62/86, *Akzo Chemie BV v. Commission* [1991] ECR-3359. Hér má einnig hafa í huga eftirfarandi yfirlýsingu framkvæmdastjórnar ESB í tíundu skýrslu um samkeppnismál: „*A dominant position can generally be said to exist once a market share to the order of 40% to 45% is reached. Although this share does not in itself automatically give control of the market, if there are large gaps between the position of the firm concerned and those of its closest competitors and also other factors likely to place it at an advantage as regards competition, a dominant position may well exist.*“

Við mat á því hvort samráðið fari gegn 17. gr. samkeppnislaga verður í upphafi að hafa í huga að hugtakið samkeppni í skilningi samkeppnislaga tekur til ýmiskonar atriða. Þannig er unnt að skipta samkeppni í tvo höfuðflokka, annars vegar verðsamkeppni og hins vegar samkeppni sem tekur til annarra atriða (e. non-price competition). Undir þann flokk falla ýmis atriði, t.d. samkeppni sem byggist á gæðum vöru, þjónustu og skilmálum í viðskiptum. Mál þetta tekur til samkeppni af þeim toga.

Í máli þessu er um það að ræða að einu keppinautarnir á tilteknum markaði hafa haft samráð um tiltekin atriði í viðskiptaskilmálum sínum og að því marki eytt þeirri samkeppni sín á milli. Í máli þessu hafa engin fullnægjandi rök komið fram sem réttlæta eða sýna fram á nauðsyn þessa samráðs. Greiðslukortafyrirtækin hafa með öðrum orðum ekki bent á nein hlutlæg og málefnaleg rök til stuðnings því að þau hafi þurft að hafa samvinnu vegna meintra vandamála eða misferla vegna notkunar greiðslukorta á þeim veitingahúsum sem mál þetta tekur. Þvert á móti bendir allt til þess að Greiðslumiðlun og Kreditkort hefðu hvort í sínu lagi og á eigin forsendum getað gripið til aðgerða vegna þessara meintu vandamála, hafi yfirhöfuð verið málefnaleg tilefni til slíkra aðgerða. Í ljósi þessa og með hliðsjón af því að Greiðslumiðlun og Kreditkort hafa sameiginlega einokunarstöðu verður að telja að samráð þeirra hafi haft skaðleg áhrif á samkeppni á hinum skilgreinda markaði og því farið gegn 17. gr. samkeppnislaga.

Í máli þessu verður einnig að taka til athugunar hvort umrætt samráð hafi til viðbótar raskað samkeppni á því sviði sem kvartandi starfar á. Kvartandi bendir í því samhengi á að aðgerðir greiðslukortafyrirtækjanna séu samkeppnishamlandi þar sem aðrir veitingastaðir búi ekki við sambærilegar takmarkanir í viðskiptum. Í máli greiðslukortafyrirtækjanna kemur fram að aðgerðirnar séu ekki samkeppnishamlandi þar sem sömu reglur gildi jafnt fyrir alla þá veitingastaði sem lúti þeim, enda starfi þeir allir á sama sviði.

Að mati samkeppnisráðs verður aftur að líta til einokunarstöðu greiðslukortafyrirtækjanna í þessu máli og í því samhengi ber að árétt að hinn samanlagði markaðsstyrkur leiðir til þess að allar sameiginlegar aðgerðir umræddra fyrirtækja eru til þess fallnar að hafa áhrif á samkeppni. Það ber einnig að hafa í huga að aðgerðirnar ná ekki einungis til þess veitingastaðar sem kvartandi rekur heldur einnig annarra veitingahúsa sem jafnframt bjóða upp á nektardans. Jafnframt hafa aðgerðirnar áhrif á stöðu næturklúbba gagnvart öðrum veitingahúsum.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 66/2000 um breytingu á 9. gr. laga nr. 67/1995 um veitinga- og gististaði eru þeir veitingastaðir sem eru með reglubundna skemmtistarfsemi þar sem aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar og sýningu á nektardansi í atvinnuskyni skilgreindir sem næturklúbbar. Í sömu lagagrein eru veitingastaðir með takmarkaða þjónustu og einfaldar eða engar veitingar í mat þar sem aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar skilgreindar sem krár. Þá eru veitingastaðir með reglubundna skemmtistarfsemi sem aðallega hafa opið seint að kvöldi og að næturlagi og aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar og dans gesta skilgreindir sem dansstaðir.

Samkeppnisráð telur að viss samkeppni geti ríkt á milli næturklúbba og þeirra veitingastaða sem skilgreindir eru sem krár og dansstaðir. Öll þessi veitingahús leggja áherslu á áfengisveitingar í rekstri sínum og reyna upp að ákveðnu marki að höfða til sömu viðskiptavina. Sökum samráðs greiðslukortafyrirtækjanna eru úttektarheimildir næturklúbba takmarkaðar en hið sama gildir ekki um krár og dansstaði. Með þessu er umræddum tegundum fyrirtækja mismunað og er það til þess fallið að draga úr samkeppni þeirra á milli. Jafnframt draga aðgerðir greiðslukortafyrirtækjanna úr samkeppni milli næturklúbba sjálfra. Í því sambandi skiptir mestu að viðskipti korthafa við næturklúbba eru tvinnuð saman. Þegar greiðslukort hefur verið notað fyrir ákveðna fjárhæð á t.d. tveimur eða þremur næturklúbbum eru viðskipti með kortinu stöðvuð. Með þessu móti eru greiðslukortafyrirtækin að hafa sameiginlega vit fyrir fjárráða korthöfum varðandi viðskipti þeirra á tilteknu sviði og í tilviki debetkorta er verið að hindra korthafa í að eyða fjármunum sem hann sjálfur á. Að mati samkeppnisráðs er ljóst að þessi háttsemi greiðslukortafyrirtækjanna dregur úr viðskiptafrelsi og takmarkar þá samkeppni sem getur ríkt á milli næturklúbba.

Af málflutningi greiðslukortafyrirtækjanna má ráða að þau telji að sérstök sjónarmið gildi um starfsemi næturklúbba sem á einhvern hátt geti réttlætt aðgerðir gegn þeim. Er í því sambandi m.a. bent á að um sé að ræða þjónustu sem „*spili á frumhvatir mannsins*“. Óhjákvæmilegt er að vísa málflutningi af þessum toga á bug. Ljóst er að skoðanir manna á þeirri starfsemi sem fram fer á næturklúbbum eru misjafnar, eins og reyndar gildir um ýmsa aðra atvinnustarfsemi. Hins vegar er rekstur næturklúbba heimill hér á landi. Svo fremi sem næturklúbbar fara að lögum í starfsemi sinni er greiðslukortafyrirtækjunum með öllu óheimilt að mismuna slíkum fyrirtækjum á grundvelli þess að fyrirsvarsmenn Greiðslumiðlunar eða Kreditkorts kunni að hafa vanþóknun á slíkum atvinnurekstri.

6.

Í ljósi þess sem að framan greinir telur samkeppnisráð að nefnt samráð Greiðslumiðlunar og Kreditkorts hafi skaðleg áhrif á samkeppni í skilningi samkeppnislaga og þar með farið gegn 17. gr. laganna. Samkeppnisráð telur nauðsynlegt að beina þeim fyrirmælum til greiðslukortafyrirtækjanna að fella úr gildi þær ráðstafanir sem þau gripu til á grundvelli samráðsins.

Í máli þessu hafa greiðslukortafyrirtækin lagt áherslu á að þau hafi haft heimild til að grípa til umræddra aðgerða á grundvelli samninga við greiðsluviðtakendur. Að mati samkeppnisráðs er kjarni þessa máls sá að greiðslukortafyrirtækin höfðu samráð um þessar aðgerðir í stað þess að bregðast við sjálfstætt og á eigin forsendum. Það er því þessu máli óviðkomandi hvort þau hafi hvort um sig haft á grundvelli samninga heimild til umræddra aðgerða eða hvort ákvæði viðkomandi samninga eða beiting þeirra sé í samræmi við samkeppnislög. Hins vegar geta aðgerðir hvors greiðslukortafyrirtækis fyrir sig í kjölfar þessa máls komið til athugunar á grundvelli 17. og 20. gr. samkeppnislaga, t.d. á grundvelli kæru greiðsluviðtakenda.¹⁶

V.

Ákvörðunarorð:

„Samráð Greiðslumiðlunar hf. og Kreditkorts hf. í desember árið 1999 um takmarkanir á úttektarheimildum korthafa á næturklúbbum hefur skaðleg áhrif á samkeppni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Með heimild í 17. gr. samkeppnislaga beinir samkeppnisráð þeim fyrirmælum til Greiðslumiðlunar hf. og Kreditkorts hf. að fella úr gildi allar ráðstafanir sem gripið var til á grundvelli hins samkeppnishamlandi samráðs. Skal þetta gert fyrir 15. nóvember 2000.“

¹⁶ Eftir 6. desember nk. á grundvelli 10., 11. og 20. gr. samkeppnislaga, sbr. lög 107/2000.